

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/7/EB
frá 15. mars 1994
um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölpjódlegum þróunarbönkum”(*)
(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989

um eiginfjárhlutfall lánastofnana ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fyrir ráðið tillögu um breytingu á bókun á samþykkt um Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) sem veitir bankaráði EIB umboð til að stofna Fjárfestingarsjóð Evrópu (EIF).

Í sjöunda undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/647/EBE eru „fjölpjódlegir þróunarbankar” skilgreindir með því að tilgreina heiti viðeigandi stofnana.

Uppbygging Fjárfestingarsjóðs Evrópu er í meginatriðum sú sama og hjá fjölpjódlegum þróunarbönkum. Þessi nýja fjölpjódlega fjármálastofnun byggir á evrópskum grunni og hefur breiðan hóp aðildarþjóða. Hún hefur í för með sér nýja og sérstæða tegund samvinnu í Evrópu og getur styrkt hinn innri markað, stuðlað að efnahagsbata í Evrópu og eflt efnahagsog félagslega sambændni. Af þessum ástæðum ber skilgreiningin á fjölpjódlegum þróunarbönkum í tilskipun 89/647/EBE að taka til Fjárfestingarsjóðs Evrópu.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndar um bankamál sem er sú nefnd sem á að aðstoða

framkvæmdastjórnina í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/647/EBE.

Þessi tilskipun varðar Evrópska efnahagssvæðið (EES) og málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 99. gr. samþykktarinnar um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið fylgt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining á „fjölpjódlegum þróunarbönkum” í sjöunda undirlið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/647/EBE skal taka til Fjárfestingarsjóðs Evrópu.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, í síðasta lagi sex mánuðum eftir að bankaráð Fjárfestingarbanka Evrópu hefur stofnað Fjárfestingarsjóð Evrópu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Raniero VANNI D'ARCHIRAFI

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 89, 6. 4. 1994, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52.